

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1993

Nr. 91

230

1. mars 1993

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks um páskahelgi 1993.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 6. apríl 1993 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 21. apríl 1993, eru eftirgreindar veiðar óheimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Allar veiðar með þorskfisknetum.
2. Allar veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrang. Þaðan er línan dregin í punkt $63^{\circ}08'N$ og $19^{\circ}57'V$ og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrang. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt $64^{\circ}43'7N$ og $24^{\circ}12'V$ og þaðan í $64^{\circ}43'7N$ og $24^{\circ}26'V$ og síðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.
3. Allar veiðar á svæði fyrir Suðvesturlandi, sem að austan markast af $21^{\circ}V$, að sunnan af $63^{\circ}05'N$ og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. gr. eru hrognkelsaveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 394, 17. ágúst 1989, sbr. reglugerð nr. 419, 7. september 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.